

3.3 Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt lið 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

3.4 Frávik og breytingar.

Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt tilboði hverju sinni.

4. Annað.**4.1 Gjöld.**

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

4.2 Frágangur.

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.

4.3 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt texta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.

4.4 Breytingar.

Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Grímsness- og Grafningshrepps.****1. gr.**

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.

2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla) eða rennlishemla. Greitt skal fyrir innstillt varmafl samkvæmt hemli, eða mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

3. gr.**A. Hemlagjald (varmagjald):**

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámærksstilling er 2,0 l/mínútu. Hemlagjald fyrir hvern mínútlíttra á mánuði er kr. 1.020.

B. Eldri samningar:

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 595,65 á mánuði.

C. Varmagjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnaði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 59.

Mælagjald á mánuði.	kr.
C1 Mælastærð DN 15	532
C2 Mælastærð DN 20	760
C3 Mælastærð DN 25	940
C4 Mælastærð DN 32	1.120
C5 Mælastærð DN 40	1.301
C6 Mælastærð DN 50	1.781

D. Stofngjöld:

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

D1 Fyrir húsrými allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	
Mælagrindargjald	kr. 48.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	kr. 120
D2 Fyrir húsrými stærra en 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	
Mælagrindargjald	kr. 58.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram 300 m ³ /200 m ²	kr. 93
D3 Auka mælagrind	
Mælagrindargjald	kr. 38.500

E. Önnur gjöld:

Lokunargjald	kr. 2.500
Aukaálestur	kr. 2.500

4. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps, er hér með staðfest, samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. apríl 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.